

109. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps 08.12 2015 kl:14:30


Mætt: Kjartan Magnússon formaður, Sigurlaug Jónsdóttir, Einar Bárðarson, Elín Heiða Valsdóttir, Rannveig Bjarnadóttir og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri. Sigurður Árnason mætti ekki til fundar. Einnig sveitarstjóri Sandra Brá Jóhannsdóttir fundinn vegna vinnu við fjárhagsáætlun Klausturhóla.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Farið yfir leiðir til fjármögnunar á framkvæmdum á íbúð í kjallara í Klausturhólum. Ákveðið að sjóður að upphæð 13 millj sem Klausturhólar fengu í arf verði látnir renna inn í Velunnarásjóð Klausturhóla til uppbyggingar á íbúð fyrir starfsfólk á neðri hæð Klausturhóla.
2. Sandra Brá fer yfir drög að fjárhagsáætlun ársins 2016. Áætlaðar rekstrartekjur ársins 2016 178.995 þús . Áætlaður launakostnaður ársins er 129.911 þús og annar rekstrarkostnaður 48.160 þús kr. Rekstarniðurstaða ársins verður því jákvæð um 994 þús. Áætlað eigiðfé í lok árs er áætlað -31.124 þús. Launakostnaður hækkar á milli ára og ljóst er að framlag frá Ríkinu hefur ekki hækkað í samræmi við hækkandi launakostnað vegna nýgerðra kjarasamninga. Rekstrarnefnd samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2016 og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.
Sandra yfirgefur fundinn.
3. Önnur mál.
Kjartan lagði fram bréf dagsett 26/11 2015 þar sem hann óskar eftir styrk að upphæð 5.150 þús á móti húsaleigu vegna ársins 2015.
Unnið hefur verið að endurbótum á þakkatni og telst því verki lokið.
Anna Gyða gerir grein fyrir því að neyðarlýsingu sé ábótavant í húsnæðinu og hefur hún óskað eftir endurbótum á neyðarlýsingunni.
Lögð fram drög að teikningum á íbúð á neðri hæð Klausturhóla. Önnu Gyðu falið að vinna áfram með drögin í samráði við Byggingarfulltrúa Skaftárhrepps.

Fleira ekki gert á fundi

Fundi Slitið kl 15:30




Kjartan Magnússon




Elín Heiða Valsdóttir



Einar Bárðarson


Sigurlaug Jónsdóttir

Anna Gyða Gunnlaugsdóttir



Rannveig Bjarnadóttir